

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júní 2014**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri helming ársins 2014 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 15,9 ma.kr. en var neikvætt um 13,8 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 46,1 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 16,2 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - júní 2014 (m.kr.)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	232.456	214.147	251.944	260.242	306.339
Greidd gjöld	261.644	249.140	268.568	276.912	293.082
Tekjujöfnuður	-29.189	-34.993	-16.624	-16.670	13.257
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-7.338	5.309	-2.573	2.883	2.600
Handbært fé frá rekstri	-36.527	-29.684	-19.197	-13.787	15.857
Fjárfestingarhreyfingar	-34.774	56.628	-8.045	-18.614	-12.177
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-71.301	26.944	-27.242	-32.401	3.680
Afborganir lána	-135.516	-72.771	-164.643	-88.135	-53.066
Innanlands	-72.040	-1.920	-9.522	-85.155	-27.641
Erlendis	-63.476	-70.851	-155.121	-2.980	-25.425
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-206.817	-45.827	-191.885	-120.536	-49.386
Lántökur	235.004	171.222	173.753	60.764	37.995
Innanlands	101.868	43.092	42.208	60.764	37.995
Erlendis	133.136	128.130	131.545	0	0
Breyting á handbæru fé	28.187	125.395	-18.132	-59.772	-11.391

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 306,3 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins sem er 17,7% aukning frá sama tímabili í fyrra. Niðurstaða tímabilsins er tæplega 32 ma.kr. yfir tekjuáætlun fjárlaga en ef óreglulegir liðir¹ og tekjur af arði eru undanskildar eru tekjurnar 3,6 ma.kr. eða 1,3% undir áætlun.

Af innheimtum tekjum á fyrri helmingi ársins námu skatttekjur og tryggingagjöld samtals 260,3 ma.kr. sem er 10,6% meira en fyrir ári síðan og 13,7 ma.kr. yfir tekjuáætlun. Tekjuskattur einstaklinga nam 63 ma.kr. sem er 8,7% aukning á milli ára og er innheimta hans 3,5 ma.kr. yfir áætlun. Tekjuskattur lögaðila jókst um 43% á milli ára og nam hann 19,9 ma.kr. sem er 5,8 ma.kr. yfir áætlun. Hið mikla jákvæða frávik tekjuskattanna skýrist m.a. af svokallaðri eftirstöðvinnheimtu tekjuskatts lögaðila frá síðustu árum og af meiri tekjum en reiknað var með af tekjuskatti einstaklinga vegna úttekta séreignarsparnaðar á árinu.

¹ Óreglulegir liðir eru fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfur og tekjur af sölu eigna og söluhagnaði.



Tekjur af fjármagnstekjuskatti námu 23,7 ma.kr. sem er 30,6% aukning frá því í fyrra. Þar af nam fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir sjálfur 6,0 ma.kr. en sá hluti flokkast sem óreglulegur tekjuliður og hefur engin áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem sama fjárhæð færir á gjaldahlið. Frávik fjármagnstekjuskatts án þess hluta sem greiddur er af ríkissjóði nam 0,8 ma.kr. eða 4,8% á tímabilinu. Staða á innheimtu fjármagnstekjuskatts er því góð en vert er að hafa í huga að endurgreiðslan til lögaðila á eftir að eiga sér stað við endanlega álagningu opinberra gjalda í haust.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	229.310	235.370	260.291	15,7	2,6	10,6
Skattar á tekjur og hagnað	86.169	89.899	106.483	15,5	4,3	18,4
Tekjuskattur einstaklinga	54.537	57.889	62.954	16,9	6,1	8,7
Tekjuskattur lögaðila	15.590	13.880	19.850	124,7	-11,0	43,0
Skattur á fjármagnstekjur	16.042	18.130	23.680	-23,6	13,0	30,6
Eignarskattar	5.911	5.397	5.389	183,0	-8,7	-0,1
Skattar á vöru og þjónustu	98.768	100.525	106.291	15,9	1,8	5,7
Virðisaukaskattur	65.362	66.753	72.009	16,5	2,1	7,9
Vörugjöld af ökutækjum	2.144	2.450	2.555	67,6	14,3	4,3
Vörugjöld af bensíni	5.668	5.398	5.492	6,2	-4,8	1,7
Skattar á olíu	3.012	3.047	3.231	7,6	1,2	6,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	7.727	8.006	8.592	8,4	3,6	7,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	14.855	14.871	14.410	18,6	0,1	-3,1
Tollar og aðflutningsgjöld	3.536	2.778	2.686	9,5	-21,4	-3,3
Aðrir skattar	3.029	3.696	4.334	66,2	22,0	17,3
Tryggingagjöld	31.897	33.075	35.108	2,2	3,7	6,1
Fjárframlög	538	82	86	10,9	-84,7	4,0
Aðrar tekjur	20.882	24.192	44.636	35,3	15,9	84,5
Sala eigna	1.214	598	1.326	-	-	-
Tekjur alls	251.944	260.242	306.339	17,6	3,3	17,7

Tekjur af eignarsköttum tímabilið janúar-júní voru jafnmiklar í ár og í fyrra eða 5,4 ma.kr. sem er 1,1% undir áætlun yfirstandandi árs. Auðlegðarskattur er 10,1% yfir áætlun og nam 2,6 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 14,6% á milli ára. Stimpilgjöld drógust saman um 18,6% á milli ára og námu 1,6 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun. Erfðafjárskattur nam 1,0 ma.kr. sem er 8,6% yfir áætlun og aukning um 17,1% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 5,7% á milli ára og námu samtals 106,3 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 72 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. yfir áætlun fyrir tímabilið og nam aukning hans á milli ára 7,9%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um tæplega 3%. Almenn vörugjöld eru 0,3 ma.kr. undir áætlun fyrir tímabilið og námu 2,6 ma.kr. sem er aukning um 1,8% frá sama tíma í fyrra. Vörugjöld af ökutækjum námu 2,6 ma.kr. og vörugjöld af bensíni 5,5 ma.kr. en bæði gjöldin eru aðeins undir áætlun á fyrri helmingi ársins.



Olíugjaldið er 8,1% yfir áætlun og skilaði 3,2 ma.kr. sem er aukning um 6% á milli ára. Kolefnisgjaldið, sem er 5,5% undir áætlun, skilaði 1,5 ma.kr. sem er aukning um 3,6% á milli ára. Bifreiðagjaldið er 4,6% undir áætlun og nam 3,2 ma.kr. á tímabilinu.

Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 4,9% frá því í fyrra og námu 2,9 ma.kr. sem er 3,1% yfir tekjuáætlun. Tekjur af áfengisgjaldi jukust um 8,6% á milli ára og námu 5,7 ma.kr. á fyrri helmingi þessa árs sem er 3,7% yfir áætlun. Tölur um tóbakssölu á fyrstu sex mánuðum ársins sýna töluverða aukningu í sölu neftóbaks á milli ára eða tæplega 36% og 6,5% aukningu í sölu á sígarettum (vindlingum). Tóbakssala á árinu 2013 var þó heldur slök sökum „hamsturs“ á vörum í desember 2012 og skýrir það aukninguna milli ára að einhverju leyti. Sala á áfengi hefur einnig aukist lítillega miðað við sama tímabil í fyrra eða um tæplega 3% (mælt í vínanda).

Tollar og aðflutningsgjöld námu 2,7 ma.kr. sem er 3% meira en gert hafði verið ráð fyrir en samdráttur um 3,3% á milli ára. Samdrátturinn skýrist alfarið af afnámi fóðurgjalda sem runnu í Fóðursjóð. Aðrir skattar námu 4,3 ma.kr. á tímabilinu janúar-júní sem er aukning um 17,3% á milli ára. Þar af námu gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald samtals 0,2 ma.kr. Fjársluskattur nam 1,6 ma.kr. sem er 15,5% yfir áætlun.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 35,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,3% yfir áætlun og 6,1% aukning frá því í fyrra. Almenna tryggingagjaldið nam 22,8 ma.kr. en atvinnutryggingagjaldið nam 8,7 ma.kr.

Aðrar tekjur en skatttekjur eru langt yfir áætlun og er frávikið 17,7 ma.kr. fyrir tímabilið en tekjurnar námu samtals 44,6 ma.kr. Arður frá Landsbankanum sem greiddur var í mars skýrir frávikið en hann nam 19,7 ma.kr. Veiðigjaldið skilaði 3,3 ma.kr. og er frávik þess miðað við áætlun enn neikvætt síðan í janúar, sem nemur 14%. Þar af nam almenna veiðigjaldið 1,9 ma.kr. og það sérstaka 1,4 ma.kr. Líklegt er að um hliðrun milli mánaða sé að ræða miðað við upphaflega mánaðadreifingu og að frávik í veiðigjaldi muni fara minnkandi þegar líður á árið.

Greidd gjöld námu 293,1 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 16,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 5,8% sem er heldur meira en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við þann hluta fjárheimildar ársins sem áætlanir ráðuneyta og stofnana gerðu ráð fyrir að tilheyrði þessum fyrri helming ársins.

Gjöld ríkissjóðs janúar - júní 2012-2014

	2014	2013	Áætlun	Br. frá 2012	Br. frá áætlun
<i>Æðsta stjórnslá og löggjafarvald</i>	2.070	1.895	2.280	9,2	-9,2
<i>Fjármálastjórnslá ríkisins</i>	4.955	4.793	5.607	3,4	-11,6
<i>Utanríkismál</i>	5.346	4.849	6.330	10,2	-15,5
<i>Önnur almenn opinber þjónusta</i>	4.645	4.480	4.325	3,7	7,4
<i>Fjármagnskostnaður</i>	45.830	45.327	45.828	1,1	0,0
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	8.255	8.282	8.255	-0,3	0,0
Almenn opinber þjónusta	71.101	69.626	72.626	2,1	-2,1



Lög- og réttargæsla	10.740	10.889	11.332	-1,4	-5,2
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	3.340	2.992	3.252	11,6	2,7
<i>Landbúnaðarmál</i>	6.868	7.208	7.338	-4,7	-6,4
<i>Samgöngumál</i>	10.797	8.555	9.180	26,2	17,6
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	2.518	2.263	3.051	11,3	-17,5
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	5.055	4.284	6.083	18,0	-16,9
Efnahags- og atvinnumál	28.578	25.302	28.905	12,9	-1,1
<i>Lyf og lækningavörur</i>	9.455	9.117	8.899	3,7	6,2
<i>Hælsugæsla</i>	13.526	12.589	14.918	7,4	-9,3
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	29.384	27.093	24.357	8,5	20,6
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	13.422	12.253	14.994	9,5	-10,5
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla</i>	2.118	2.110	2.014	0,4	5,2
Heilbrigðismál	67.905	63.163	65.182	7,5	4,2
<i>Menningarmál</i>	4.340	4.441	4.641	-2,3	-6,5
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	5.053	4.776	5.067	5,8	-0,3
Menningar- og félagsmál	9.393	9.217	9.708	1,9	-3,2
<i>Framhaldsskólastig</i>	10.096	10.052	10.912	0,4	-7,5
<i>Háskólastig</i>	16.803	16.528	17.986	1,7	-6,6
<i>Önnur menntamál</i>	2.181	2.423	2.448	-10,0	-10,9
Menntamál	29.080	29.003	31.346	0,3	-7,2
<i>Örorka og fötlun</i>	16.376	15.049	16.515	8,8	-0,8
<i>Öldrun</i>	23.144	20.121	23.120	15,0	0,1
<i>Fjölskyldur og börn</i>	11.069	11.494	11.885	-3,7	-6,9
<i>Atvinnuleysi</i>	7.726	9.531	8.067	-18,9	-4,2
<i>Vaxtabætur</i>	340	208	340	63,9	0,0
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	3.817	3.732	3.938	2,3	-3,1
Almannatryggingar og velferðarmál	62.472	60.134	63.865	3,9	-2,2
<i>Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun</i>	5.258	5.064	3.643	3,8	44,3
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	5.219	1.316	2.028	296,6	157,3
<i>Annað</i>	3.337	3.198	4.288	4,3	-22,2
Önnur útgjöld	13.814	9.578	9.959	44,2	38,7
Gjöld alls	293.082	276.912	292.923	5,8	0,1

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 71,1 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 69,6 ma.kr. á síðasta ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða rúmlega 64%, en hann nam um 45,8 ma.kr. á tímabilinu og var svipaður og á fyrra ári og í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 5,3 ma.kr. samanborið við 4,8 ma.kr. á fyrra ári sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands 1,6 ma.kr. og útgjöld vegna alþjóðastofnana 1,5 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 8,3 ma.kr. á tímabilinu



og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru í samræmi við áætlanir og námu tæpum 5 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld Ríkisskattstjóra sem námu 1,4 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu 1,3 ma.kr. og útgjöld Fjárslu ríkisins sem námu 827 m.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 6,7 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 10,7 ma.kr. sem er lítillega minna en á fyrra ári og jafnframt minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaþættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 1,9 ma.kr. og aukast um rúmar 100 m.kr. milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu rúmum 2 ma.kr. og dragast saman um tæpar 200 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 737 m.kr. á tímabilinu sem er lítillega umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir, útgjöld sýslumannsembætta 1,8 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 710 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 701 m.kr og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 422 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um rúma 3 ma.kr. á milli ára og námu 28,6 ma.kr. á þessum fyrstu sex mánuðum ársins sem er lítillega minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 10,8 ma.kr. samanborið við 8,6 ma.kr. á fyrra ári. Framkvæmdir Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en útgjöld Vegagerðarinnar námu tæpum 9 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 6,9 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu um 5,7 ma.kr. Þá námu útgjöld Matvælastofnunar 588 m.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 3,3 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 885 m.kr. og útgjöld Veðurstofunnar sem námu 621 m.kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu rúmum 2,5 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknarstofnunar upp á 668 m.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna 399 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs 604 m.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 5,1 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 599 m.kr., niðurgreiðslur á húshitun 640 m.kr., útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 691 m.kr. og útgjöld Fiskistofu tæpum 400 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 67,9 ma.kr. og jukust um 4,7 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt um 2,7 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 9,5 ma.kr. samanborið við 9,1 ma.kr. 2013 sem er nokkuð umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist alfarið með halla á þeim rekstri sjúkratrygginga sem snýr að lyfjakaupum. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 13,5 ma.kr. samanborið við 12,6 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 6,4 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 2,5 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkráðsþjónustu námu 29,4 ma.kr. samanborið við 27,1 ma.kr. 2013. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 21,8 ma.kr. en útgjöld Sjúkráðsins á Akureyri námu 2,7 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 3,8 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 13,4 ma.kr. og jukust um 1,2 ma.kr. milli



ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 2,1 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga 17,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 1,8 ma.kr. milli ára og voru 1,4 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu 9,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 4,3 ma.kr. þar sem mest munar um rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem námu 605 m.kr., framlög til lista sem námu 534 m.kr. útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 430 m.kr. og útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 520 m.kr. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 5,1 ma.kr. þar sem helstu útgjaldaðættir eru Ríkisútvarpið 1,7 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals tæpir 3 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 29,1 ma.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins og voru svipuð og á árinu 2013 en heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 10,1 ma.kr. og voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með lægri launaútgjöldum vegna verkfalls framhaldsskólakennara á tímabilinu. Útgjöld vegna háskólastigs námu 16,8 ma.kr. samanborið við 16,5 ma.kr. á fyrra ári sem var lítillega innan þess sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 5,9 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 7,9 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 1,1 ma.kr. og Háskólans á Akureyri 775 m.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 2,1 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 628 m.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 62,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,3 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 16,4 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem námu 13,7 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 23,1 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld um 18,5 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 3,3 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 11,1 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 4,8 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingaorlofs upp á 4,2 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 7,7 ma.kr. samanborið við 9,5 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 340 m.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 3,8 ma.kr. útgjöldum á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 34,2 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 6,6 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 13,8 ma.kr. samanborið við 9,6 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu 5,3 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 5,2 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára og var jafnframt vel umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Þessar greiðslur renna hins



vegar í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlið og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 2,4 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 470 m.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála 437 m.kr.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var jákvæður um 3,7 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 32,4 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 49,4 ma.kr. en var neikvæður um 120,5 ma.kr. á sama tímabili 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 53,1 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 27,6 ma.kr. og af erlendum lánum 25,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 38 ma.kr. sem skýrast alfarið af innlendum lántökum. Handbært fé ríkissjóðs lækkaði um 11,4 ma.kr. á tímabilinu.